

Skýringar	
	Skipulagsmörk
	Byggingarreitur stöðvarhús
	Byggingarreitur inntakstíflu
	Vegslóði
	Aðveitulöggn (fallþípa)
	Vatnsskurður (frárennslí)
	Rafstrengur
	Tengipunktur
	Hnitpunktur

Hnitaskrá	
1	X= 651602.9938 Y= 417937.4152
2	X= 651725.4040 Y= 417895.8232
3	X= 651695.9105 Y= 417842.2979
4	X= 651578.1592 Y= 417890.7355
5	X= 653110.3515 Y= 417412.5291
6	X= 653195.2463 Y= 417377.3832
7	X= 653104.5898 Y= 417264.0546
8	X= 653024.2276 Y= 417303.2560

51	X=652942.4771 Y=417275.0858
52	X=652874.8661 Y=417330.6333
53	X=652960.9899 Y=417598.6942
54	X=652568.8884 Y=417510.2101
55	X=652720.3245 Y=417783.4164
56	X=652375.1981 Y=417580.0967
57	X=652434.9727 Y=417872.0413
58	X=652358.2445 Y=417879.1296
59	X=652250.5968 Y=417789.8248
510	X=652138.7385 Y=417765.9863
511	X=651992.8921 Y=417794.7517

Greinagerð

Almennar upplýsingar um virkjun

Stefnt er að því að reisa litla vatnsafrivirkjun í Birnudal í landi Kálfafellsstadar í Suðursveit í sveitarfélaginu Hornafjarðarbæ. Virkja á ána Birná sem á upptök sýn innst í Birnudal og liggur eftir miðjum dalnum. Birnudalur er lítil dalur innanlega í Staðardal vestanverðum. Birná er dragá og vatnasvið hennar er u.þ.b. 4 km². / Lengd árinna frá efstu drögum þar til hún fellur í Staðará eru u.þ.b. 3,5 km. Rennslí árinna er nokkuð stöðugt og samkvæmt mælingum er lágmarksrennslí í kringum 300 l/s.

Helstu framkvæmdir vegna virkjunarinnar eru: 1. Stífla fyrir inntakslón; 2. Aðveitulögn frá inntakslóni að stöðvarhúsi; 3. Stöðvarhús fyrir búnað til raforkuframleiðslu; 4. Frárennslisskurður frá stöðvarhúsi; 5. Háspennu- og fjarskiptastrengur frá stöðvarhúsi að dreifikerfi rafveitu; 6. Vegur frá Brunnaafleggjaranum að stöðvarhúsi; 7. Vegslóði frá stöðvarhúsi að stíflu. Heiti virkjunar verður Birnársvirkjun. Virkjunin verður svokölluð rennslisvirkjun og ætlað afl hennar 950 kw. Í rennslisvirkjun er vatn sem rennur eftir náttúrulegum árfarvegi nýtt. Í stað miðlunarhlóens er með stíflugerð útbúið inntaksmannvirki með yfirfalli fyrir umframvatn. Birnársvirkjun fellur í flokk lítilla virkjana samkvæmt þeirri flokkun sem notuð er á Íslandi. Inntaksvirkjunarinnar er í u.þ.b. 380 metra hæð yfir sjávarmáli. Inntaksmannvirkið verður úr steinsteypu og verður stíflan u.þ.b. 25 m breið og 6 metra há þar sem hún er hæst í miðjum farvegi. Flatarmál inntakslónsins er u.þ.b. 1450 m². Vatn af u.þ.b. 85% vatnasviðs Birnár fellur að inntaki og er iðulega töluvert umfram það vatnsmagn sem fyrirhugað er að virkja. Umframvatn mun renna um yfirfallið í Birná. Vatn mun því ávalt renna um farveg árinna neðan inntakslóns. Fallþípan frá inntaki að stöðvarhúsi verður að mestu niðurgráfin. Fallþípan verður úr víðurkenndum endingargóðum efnum og lengd hennar um 1800 m. Slóðinn sem leggja þarf að inntaksmannvirki mun að mestu leiti vera á sama stað og til hliðar við fallþípuna. Slóðinn mun verða lokaður almennri umferð og eingöngu ætlaður til viðhalds mannvirkja. Slóðinn verður felldur að landslagi og látinn gróa upp. Stöðvarhúsið verður að hluta inn í fjallshlíðinni niður á melnum u.þ.b. 90 m frá Staðará og 160 m frá Birná og aðlagð sem best að landslagi svæðisins. Allt verður gert til að draga sem mest úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Gert er ráð fyrir að grunnflötur stöðvarhúss verði allt að 80 m² og hámarks hæð mænis 6 m. Endanleg stærð húss mun taka mið af þeim vélbúnaði sem valinn verður fyrir virkjunina en hún mun hýsa rafala, hverfil og annan tilheyrandi búnað. Aðkoma að stöðvarhúsinu verður frá afleggjaranum að Brunnum. Reynt verður að fylgja núverandi vegslóða þar sem hægt er en vegurinn verður þó færður úr myrlandi og öðru viðkvæmu landi þar sem hann liggur núna. Háspennu- og fjarskiptalagnir munu liggja með vegslóðanum að mestu og tengjast dreifikerfi Rarik. Lengd vegarins verður u.þ.b. 4 km og vegna brunavarna verður gert ráð fyrir að vegurinn þoli þyngd slökkvibíla sem sinna svæðinu hverju sinni. Vatn sem þarf til slökkvistarfa, ef til kemur fæst úr Birná. Ekki verður þörf á sérstöku tengivirki utan stöðvarhúss vegna flutnings raforku inn á dreifikerfið. Flutningi raforku verður stýrt inn á kerfi Rarik með sérstökum búnaði sem staðsettur er í stöðvarhúsi. Ætlað er að fjarskiptastrengur og háspennustrengur tengist á sama stað við afleggjarann að Brunnum þar sem dreifikerfi Rarik og Gagnaveita Hornafjarðar þvera vegginn. Fallhæðin flokkast sem mikil þar sem hún er meiri en 250 m en hún er u.þ.b. 340m. Þar sem meðalfláð er 950 kw ber að tilkynna Skipulagsstofnum um framkvæmdina sbr. 3.22 í 1. Viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000.

Staðhættir á skipulagssvæði

Birnudalur er þröngur dalur í um 300 metra hæð vestanmegi í Staðardal. Eftir að komið er upp í dalinn er landhlið lítil í dalbotninum u.þ.b. 1,5 km inn dalinn en þá tekur við meiri halli og að lokum brattar fjallshlíðar. Dalurinn er breiðastur um 4 km og 2,5 km á lengd og liggur í norðvestur og suðaustu. Skipulagssvæðið er meðfram Birná og frá henni í suður meðfram fjallinu að afleggjaranum að Brunnavöllum. Töluverður snjó getur safnast í dalbotninum og hliðarnar í kring og helst hann oft langt fram á sumar, en þar sem fallþípan er niðurgráfin er ekki hætt á ferðum vegna ofanfjóða. Ekki er hætt á vegna ofanfjóða þar sem stöðvarhúsið verður reist. Sauðfé hefur verið beitt í dalnum og er hann því töluvert illa farinn gróðurarslega.

Umhverfismál

Landsvæðið er skilgreint sem landbúnaðarland og er á náttúruminjaskrá. Ekki eru til heimildir um fornminjar í Birnudal en búð er að óska eftir úttekt hjá Minjastofnum og mun starfsmaður þeirra sem staðsettur er á Höfn skoða skipulagssvæðið með tilliti til mögulegra minja. Farið verður í hvívetna eftir ábendingum Minjastofnunar ef einhverjar minjar finnast.

Náttúrulegur birkiskógur/kjarr er í nágrenni við skipulagssvæðið niður á láglandinu og verður gætt að því að lágmarka skemmdir á því. Gróðursettar verða nýjar plöntur í stað þeirra sem skemmast. Einnig mun Staðará verða hamin með tilheyrandi vörnum, þar sem hún brýtur í dag skógvaxið land innar í Staðardal. Uppgrafið efni verður nýtt á staðnum og annað efni sem þarf til verkefnisins verður tekið úr námu í landi Kálfafellsstadaðar sem Vegagerðin notar og er við Staðará. Litlar virkjanir eru almennt taldar góður virkjanarkostur í umhverfislegu tilliti auk þess sem þær stuðla að styrkingu byggðar á dreifbýlli svæðum. Á þessu svæði er aðeins ein virkjun, Smyrlabjargarvirkjun, 1,4 Mw og því er öll viðbót kærkomin og styrkir svæðið raforkulega séð. Lögð verður áhersla á að halda jarðvegraski í lágmarki og gróðurrof lagfært með uppgræðsluáðgerðum að framkvæmdatima loknum. Á heildina lítið eru neikvæð umhverfisáhrif lítilrar rennslisvirkjunar við Birná áveruleg og því ekki talið að þörf sé á sérstökum mótvægisáðgerðum vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda. Umhverfisáhrif verða mest á framkvæmdatima en eftir að virkjun hefur verið gangsett verða þau afar lítil. Á framkvæmdatima munu skapast störf við mannvirkjagerð t.d. byggingu stíflu og stöðvarhúss, lagningu fallþípu, uppsetningu rafbúnaðar og slóðagerð. Neikvæð sjónmengun verður lítil verði staðið vel að frágangi aðveitulagnar og slóða að inntaki.

Sérskilmálar

Þar sem svæðið er á náttúruminjaskrá verður sérstaklega vandað til verks og vegslóði látinn fylgja halla klettabelta og falla inn í landslag svæðisins eftir bestu getu. Vandað verður til verksins og raski haldið í lágmarki. Landið sem slóðinn fer um er illa farið af sauðfjárbætt og verður það ásamt slóðanum grætt upp í samvinnu við fagaðila á þann hátt að upprunalegar tegundir hasli sé völl að nýju. Stíflan verður látin falla inn í landslagið eins og kostur er og falin eftir bestu getu með náttúrulegu efni. Stöðvarhúsið verður að hluta til grafið inn í hliðina og látið falla að landslagi svæðisins. Haft verður í huga að útlit og efnisval falli vel að umhverfinu. Borað verður fyrir vatni fyrir húsið og gengið frá fráveitu eins og lög og reglur segja til um með rotþró.

Leyfisveitingar og framkvæmdatími

Skipulagsstofnun staðfesti 26. janúar 2018 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 14. desember 2017. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir 950 kw rennslisvirkjun í Birnudal í Suðursveit. Málsmæðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Virkjunin er háð framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Byggingarleyfi frá sveitarfélaginu skv. 9. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Virkjanaleyfi frá Orkustofnun skv. 4-6 gr. raforkulaga nr. 65/2003. Að því gefnu að all tilskilin leyfi fáiast fyrir virkjunina og deiliskipulag verði samþykkt í tæka tíð er stefnt að því að framkvæmdir við virkjanagerð hefjist 2019 og verði lokið 2020.

Lög og reglugerðir

Að öðru leyti er vísað til laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (123/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um öryggi raforkuvirkja, raforkulög (65/2003), neysluveitna (146/1996), lög um náttúruvernd (60/2016), vegalög (80/2007), um hollustuhætti og mengunarvarnir (80/2012), byggingarreglugerð (112/2012) og skipulagsreglugerð (90/2013).

Umsagnaraðilar

Bæjarstjórn Hornafjarðarbæjar, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Orkustofnun, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofnun Suðausturlands, Vegagerðin, Fiskistofa, HAUST, Rarik, Mannvirkjastofnun.

Samþykktir
Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. Gr. Skipulagslaga nr.123/2010, var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann _____.


f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-dæld Stjórnartíðinda þann _____

Skipulagsögn
Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:10000/1:1000 ásamt greinargerð
Kortagrunnar
Loftmynd og hæðarlínur frá Loftmyndum ehf.



Lýkilmynd



Úr aðalskipulagi sveitarfélags Hornafjarðar Aðalskipulagsbreyting Birnudalur

Birnársvirkjun - Deiliskipulag
Afstöðuymynd, skilmálar og skýringar

mældivarióli:	1:1500	frumstærð blaði:	A1
teiknaði:	JGM	verknir:	15-24
yfirfariði:	HP	dagsetn.útgáfu:	18.11.2018

hugsjón
Hugrún Þorsteinsdóttir Arkitekt FAÍ kt: 110972-3429
sími: 862 6099 hugrun@hugsjonark.is
Jón Grétar Magnússon Byggingafræðingur kt: 010573-4679
sími: 866 6099 jon@hugsjonark.is